Jón Pálsson

„Siggi 4." (~~[illegible]~~ fyrir 50-60 árum)

Meðal hinna gömlu og góðu Eyrbekkinga má ennfremur nefna aðstoðarmann beykisins, „Sigga fjórða". Hann var einnig að mörgu leyti einkennilegur maður, m.a. að því, að hann var skjálgur nokkuð og stamaði mjög, einkum þegar hann var kenndur, en það var hann svo oft sem honum gafst tækifæri til.

Því var hann Sigurður „fjórði" nefndur, og í daglegu tali „Siggi fjórði", að hann hafði verið fjórði vinnumaðurinn hjá ekkju einni, er allir höfðu Sigurðarnafnið, og verið í þeirri röðinni hjá henni hver eftir annan. „Siggi fjórði" bjó í Brennu, eftir að ekkjan lézt, og kvæntist þar „Helgu sinni", en eigi varð þeim barna auðið. Aðstoðarstarf hans hjá beykinum var að taka á móti laxinum,

Hol hreinsa hann og þvo, ~~þerra hann~~ og pæklsalta og pressetja vel, áður en út væri sendur, síðari hluta sumars. „Siggi fjórði" átti fallega brennivínskútinn, grænmálaða, með svörtum gjörðum, og tók hún 4 potta. Hafði hann fengið fyrirheit um það, að ef skipið með laxfarminum kæmist

v út úr höfninni heilu og höldnu innan ákveðins tíma, sem venjulega var 31. ágúst, [xx] skyldi hann fá fjögrapottabrennivínstunnuna sína grænu, fulla af kornbrennivíni, algjörlega ókeypis, og var það honum hin kærkomnasta gjöf. Hann var því allan síðari hluta mánaðarins í jöfnum [illegible] hafnsögumannsins með ýmsar bollaleggingar um það, hvaða líkindi hann teldi til þess, að skipið kæmist út á réttum tíma, en þótt hafnsögumaðurinn væri sjóvanur vel og veðurglöggur, var eigi ávalt auðvelt fyrir hann, að ákveða það með neinni vissu, hvernig brim og útsjór í brimgarðinum og sundunum kynni að haga sér hálfum mánuði síðar eða á lengri tíma, því þótt sjórinn væri ládauður og rjómalogn um

Sólarhringsins hádegisbilið eða á hverjum öðrum tíma sem var, hafði hann oft breytst svo á næsta hálftíma, að hann var orðinn skerpóttur með öllu. Hafnsögumaðurinn var því oft svarafár við spurningum „Sigga fjórða", svo sem þessum: „He-heldurðu að la-laxinn komist út í tæ-tæka tí-tíð, Ól-Ólafur minn?"

Og þegar Ólafur — svo hét „lóðsinn" — þá svaraði hann honum því, að um þetta væri enn eigi hægt neitt að segja, sagði „Siggi 4.":

„Þa-þá vildi ég, að gu-guð gæfi, að hann kæ-komist út fy-fyrir má-mánaðamótin!"

Hafnsögumaðurinn vissi vel, hvað „Siggi 4." átti við, og svaraði því:

[xx] Eftir þennan tíma hækkuðu vátryggingagjöld og annar kostnaður allverulega. —

2.

Siggi "4"
3 blöð qto.

2.

Siggi "4"
3 blöð qto.

## „Siggi 4." (~~brot úr~~ ritgjörð um verzlunina á Eyrarbakka fyrir 50-60 árum.)

Meðal hinna gömlu og góðu Eyrbekkinga má ennfremur nefna aðstoðarmann beykisins, „Sigga fjórða". Hann var einnig að mörgu leyti einkennilegur maður, m. a. að því, að hann var skjálgur nokkuð og stamaði mjög, einkum þegar hann var kenndur, en það var hann svo oft sem honum gafst tækifæri til.

Því var hann Sigurður „fjórði" nefndur, og í daglegu tali „Siggi fjórði", að hann hafði verið fjórði vinnumaðurinn hjá ekkju einni, er allir höfðu Sigurðarnafnið, og verið í þeirri stöðu hjá henni hver eftir annan. „Siggi fjórði" bjó í Breiðu, eftir að ekkjan lézt, og kvæntist þar „Helgu sinni", en eigi varð þeim barna auðið. Aðstoðarstarf hans hjá beykinum var að taka á móti laxinum,
Hol hreinsa hann og þvo, ~~salta hann og~~ pækilsalta og pressetja vel, áður en út væri sendur, síðari hluta sumars. „Siggi fjórði" átti fallega brennivínskútinn, grænmálaða, með svörtum gjörðum, og tók hún 4 potta. Hafði hann fengið fyrirheit um það, að ef skipið með laxfarminum kæmist
V út úr höfninni heilu og höldnu innan ákveðins tíma, sem venjulega var 31. ágúst,√xx skyldi hann fá fjögrapottabrennivínskútinn sinn græna, fulla af kornbrennivíni, algjörlega ókeypis, og var það honum hin kærkomnasta gjöf. Hann var því allan síðari hluta mánaðarins jafnan á hælum hafnsögumannsins með ýmsar bollaleggingar um það, hvaða líkindi hann teldi til þess, að skipið kæmist út á réttum tíma, en þótt hafnsögumaðurinn væri sjóvanur vel og veðurgluggur, var eigi ávalt auðvelt fyrir hann, að ákveða það með neinni vissu, hvernig brim og brotsjóirnir í brimgarðinum og sundunum kynni að haga sér hálfum mánuði síðar eða lengri tíma, því þótt sjórinn væri ládauður og spegilsléttur um hádegisbilið eða á hverjum öðrum tíma sólarhringsins sem var, hafði hann oft breytzt svo á næsta hálftíma, að hann var orðinn skipaófær með öllu. Hafnsögumaðurinn var því oft ráðafár við spurningum „Sigga fjórða", svo sem þessum: „He-heldurðu að la-laxinn komist út í tæ-tæka tí-tíð, Ól-Ólafur minn?"

Og þegar Ólafur — svo hét „lóðsinn" þá — svaraði hann honum því, að um þetta væri enn eigi hægt neitt að segja, sagði „Siggi 4.":
„Þa-þá vildi ég, að gu-guð gæfi, að hann kæmist út fy-fyrir má-mánaðamótin!"

Hafnsögumaðurinn vissi vel, hvað „Siggi 4." átti við, og svaraði þá:

√xx Eftir þennan tíma reiknuðust vátryggingagjöld og annar kostnaður allverulegt.

„Hann kemst út einhverntíma í haust, Siggi minn, og það er nóg.“
„E-ekki fyr en í haust! – Aumingja Le-Lefolii minn!“
– Það hefir víst verið Lefolii gamli, sem „Siggi H.“ bar þá frekar
Hdl fyrir brjósti, en brennivínstunnan greyið!? – Kunnugir menn
fóru ekki um það, hvort honum var kærtadara, þótt báðum vildi
hann vel, sem engum efaðist um, því báðum var hann einn hinn
H Ter tryggasti þjónn. Því var það, að hann mælti fyrir „skál“ Lefolii's
í haustveizlu einni, er ég hefi sagt frá hér áður, að hann sagði í lok
ræðu sinnar, sem góður rómur var gerður að:
„Le-lengi lifi 'ann Le-Lefolii minn, og hans trú-trúr þjónar!“
– Og nú var komin 31. ágúst. Starfa skipið „Zephyr“ gamli
lá í höfninni og beið fullrar hleðslu. Nokkrir tugir tunna af
laxi voru enn í landi og skipið átti að leggja út úr höfninni með kvöld-
flóðinu, því höfuðdagsstraumurinn var í rénun, og mátti það nú þess
vegna, eigi dragast lengi, að notað yrði við strauminn þann.
Hjá „Sigga H.“ og beykinum var „allt í lagi“; allar tunnur vel tilbúnar
og komnar niður í bryggju. „Siggi H.“ hafði beðið um „frí“ frá öllum
störfum þennan dag, nema þeim, að koma við og við niður í sjógarðshliðið,
til þess að gæta að því, ef á þyrfti að halda, hvort allar laxtunnurnar
væri ólekar, leggir heilar og gjarðir allar drifnar svo, að duga
mundi.
⊥ til „Siggi H.“ var fyrstur manna⊥ að fara niður í sjógarðshliðið morguninn
Hdl T undir þann, og hafði nú geymt fjögrapottakútinn sinn T vinstri hendinni,
og drifhalt sitt og hamar í hinni hægri. Leit hann þá biðjandi bænar-
augum út til brimgarðsins, – um hvað? Líklega það, að boðar og brim
léti nú eigi á sér bera allan daginn, svo blessaður laxinn til hans
Lefolii gamla kæmist heill og höldnu, „alveg eftir áætlun“ út í skipið,
eigi síðar en um nónbilið, því þá var hálffallinn sjór. Um annað var
hann eigi að hugsa daginn þann, enda stóð hann þar í sömu sporum,
án þess að blindskakka augunum af boðunum og briminu, sem báð-
T um, inn sagði T að nú væri farið að „kveikja“ með aðfallinu og það var aldrei
góðs viti. En Siggi beið rólegur og vildi bíða þess að sjá, hver endi hér
á yrði, því þótt síðasta tunnan væri að von „komin um borð“, lá skipið
enn við festar og var þetta langþreið stund, að bíða þess, að kvöldin-

skotunum fram væri hleypt af, um leið og báturinn gaf út skipun sína um það, að síðasta skipið í sumrinu væri tilbúið til brottferðar og mætti nú leggja út úr höfninni.

Klukkan var orðin fjögur, farin að ganga fimm og bráðum orðin sex, og þá drundu skotin af því þau áttu að vera þrjú, en „Siggi 4." taldi þau í hálfum hljóðum, þar sem hann stóð eins og rígnegldur við eystri vegg sjógarðshliðsins, þá hann heyrðist segja „e-eitt! tv-tvö" - og þr-þrjú! - og hana nú!"

Einbáturinn lagði frá bryggjunni, með hafnsögumanninum og hásetum hans; venjulega voru þeir tólf að tölu, sjógarpar hinir mestu og sækongar, sem oft höfðu séð sædrottninguna „Rán" skauta hvítum faldi áður í „Bússu", um leið og lagt var inn í höfnina eða út úr henni.

Nú voru fánar dregnir að hún um, annar á skrifstofumæni hússins, og var það dannebrogsfáninn, sem þar fló hátt til skýja, um leið og fyrsta kanónuskotið reið af, en hinn á mæni syðsta vöruhússins, er síðasta og þriðja skotið heyrðist, og var það „lóðsflaggið", fimmblöðuð stjarna, rauð, á hvítum grunni. —

Strákarnir stukku hver fram hjá öðrum, þar sem „Siggi 4." stóð enn í sömu sporum, og kölluðu hver í kapp við annan: „Hvað er að á höfninni? - Zephyr ekki farinn enn"! - Aðrir svöruðu og sögðu: „Hann fer ekkert í dag! - Það er komið brim!"

Kunnugir menn skildu hinn göfuga(!) tilgang drengja þessara: Hróp þeirra voru gerð til þess að hræða „Sigga 4.", en alls ekki til þess að hugga hann og gleðja.

En svo kom gleðin og huggunin, hvað sem strákarnir sögðu, því nú sigldi Zephyr gamli, hið þrímastraða skip undir fullum seglum út úr „Bússu" og „Siggi 4." sá það, enda heyrðist hann segja, um leið og í „Brynka" braut, síðasta sjóinn, sem undir Zephyr reið að þessu sinni:

„Hva? Hva? — Gu-gu-ði lof! Þa-þar slapp hann!"

Siggi 4. hljóp síðan inn í búð með fjögrapottakrúsina sína milli beggja handa sinna og fékk fullnægt öllu því, er hann hafði óskað sér, daginn þann! — Og „aumingja Lefolii gamli"